



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	FJR21060038 Frumvarp til laga um upplýsingar tengdar sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu.
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Innleiðing EES-gerðar?	<input checked="" type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
Dags.	11. júní 2021

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Í reglugerð (ESB) 2019/2088 er mælt fyrir um samræmdar reglur fyrir aðila á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafa um gagnsæi að því er varðar samþættingu áhættu tengda sjálfbærni og að teknu tilliti til skaðlegra áhrifa á sjálfbærni í ferlum þeirra og veitingu upplýsinga sem tengjast sjálfbærni að því er varðar fjármálaafurðir. Reglugerðin tekur mið af markmiðum Parísarsáttmálans um að draga verulega úr áhættu og áhrifum af loftslagsbreytingum og leggur skyldur á herðar aðila á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjöfum til að birta tiltekna upplýsingar varðandi nálgun þeirra á samþættingu áhættu tengda sjálfbærni og möguleg skaðleg áhrif á hana. Reglugerðin var birt 27. nóvember 2019 og tók að mestu gildi í ESB 10. mars 2021.

Reglugerð (ESB) 2020/852 kveður á um samræmdan ramma sem stuðlar að sjálfbærum fjárfestingum. Með reglugerðinni er komið á fót flokkunarkerfi með skilgreiningum á því hvað teljist sjálfbær atvinnustarfsemi. Kerfinu er ætlað að auka gagnsæi með tengdri upplýsingagjöf markaðsaðila og stórra fyrirtækja og hjálpa fjárfestum og fyrirtækjum að átta sig á því hversu sjálfbær tiltekin atvinnustarfsemi er svo þeim sé kleift að taka upplýstar fjárfestingarákvarðanir. Reglugerðin var birt 18. júní 2020 og tók að hluta gildi í ESB 12. júlí 2020, en tiltekin ákvæði taka gildi annars vegar 1. janúar 2022 og hins vegar 1. janúar 2023.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

EES-reglugerðir ber að taka upp í landsrétt samningsaðila, sbr. a-lið 7. gr. EES-samningsins. Því ber að taka reglugerðir (ESB) 2019/2088 og 2020/852 í heild upp í íslensk lög.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Í gildandi lögum og reglum er ekki að finna ákvæði sem innleiða reglugerðirnar.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Í stjórnarsáttmála kemur fram að fjármálakerfið eigi að vera traust og þjóna samfélaginu á hagkvæman og sanngjarnan hátt. Meginmarkmið málefnasviðsins er að auka alþjóðlega samkeppnishæfni atvinnulífs. Jafnframt kemur fram þar fram að stefnumið Parísarsáttmálans frá 2015 skuli vera leiðarljós loftslagsstefnu Íslands.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda

Markmið Evrópureglanna er að tryggja gagnsæi á fjármálamörkuðum, efla fjárfestavernd, auka traust fjárfesta, fylla í gloppur á regluverki og tryggja að eftirlitsstofnanir hafi nægar valdheimildir til að sinna verkefnum sínum. Mikilvægt er að samræma þær reglur sem gilda hér á landi við þær sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu enda er þannig best gætt að

hagsmunum markaðarins, fjárfesta og almennings og ýtt undir aukna starfsemi erlendra fyrirtækja hér á landi og íslenskra fyrirtækja erlendis.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Mikilvægt er að lagaumgjörð fjármálamarkaða sé sem vönduðust og í samræmi við það sem gerist annars staðar í Evrópu. Verði ekkert aðhafst mun það hafa áhrif á stöðu Íslands og íslenskra fyrirtækja á alþjóðlegum fjármálamörkuðum auk þess að brjóta gegn alþjóðlegum skuldbindingum Íslands á grundvelli EES-samningsins.

2. Mögulegar leiðir við lagasetningu

EES-reglugerðir ber að taka upp í landsrétt samningsaðila, sbr. a-lið 7. gr. EES-samningsins. Því ber að taka reglugerðir (ESB) 2019/2088 og 2020/852 í heild upp í íslensk lög. Tvær leiðir koma til greina, tilvísunaraðferð eða umritunaraðferð. Ef notast væri við tilvísunaraðferð væri í frumvarpi til laga um innleiðingu gerðarinnar vísað til texta hennar í fylgiskjali með lögunum eða í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins. Ef notast væri við umritunaraðferð kæmi til greina að taka texta gerðarinnar upp í ný heildarlög eða með breytingum á gildandi lögum. Lagt er til að tilvísunaraðferð verði beitt við innleiðingu á reglugerðunum tveimur í íslenskan rétt.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni

Lagt er til að reglugerðir (ESB) 2019/2088 og 2020/852 verði innleiddar í íslenskan rétt með tilvísunaraðferð og þá að fullu innleiddar samkvæmt orðanna hljóðan í samræmi við a-lið 7. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið. Áformað er að fela Fjármálaeftirlitinu eftirlit með því að farið sé að lögunum enda fer það almennt með eftirlit með fjármálastarfsemi, sbr. lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott

Fyrirhuguð lagasetning gerir ekki ráð fyrir breytingum á gildandi lögum og reglum.

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?

Já, um er að ræða innleiðingu í íslenskan rétt á EES-reglugerð. Ekki er talið að efnið gefi tilefni til sérstakrar skoðunar á samræmi við stjórnarskrá.

2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?

Já. Áformin varða fjármálaþjónustu sem fellur undir 3. kafla III. hluta EES-samningsins, sbr. einnig IX. viðauka samningsins.

3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?

Nei.

F. Samráð

1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?

Aðilar á fjármálamarkaði, fjármálaráðgjafar, lífeyrissjóðir, fjárfestar og neytendur.

2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?

Nei.

3. Samráð sem þegar hefur farið fram

Unnið er að frumvarpsdrögum í samráði við Seðlabanka Íslands.

4. Fyrirhugað samráð

Fyrirhugað er að eiga samráð við Seðlabanka Íslands, Samtök fjármálafyrirtækja og Kauphöll Íslands. Þá verða drög að frumvarpi birt í samráðsgátt Stjórnarráðsins.

G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal

Áhrif frumvarpsins á fjármálamarkaðinn verða jákvæð. Frumvarpið eykur gagnsæi upplýsinga á sviði fjármálaþjónustu og markaðir hér á landi verða samkeppnishæfari innan EES. Ekki er gert ráð fyrir fjárhagsáhrifum á ríkissjóð.

H. Næstu skref, innleiðing

1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina?

Já, sem miðar að því að frumvarpið verði lagt fram á haustþingi 2021.

2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?

Seðlabanki Íslands metur það svo að stofnunin þurfi ekki langan tíma til undirbúnings breyttrar framkvæmdar.

I. Annað

|

J. Fylgiskjöl

1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað